

Nd.

39. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Aftan við g-lið 14. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Sú upphæð, er bændur verja til umbóta á ábúðarjörð sinni, skal undanþegin tekjuskatti, þó eigi hærri fjárhæð árlega en nemur $\frac{1}{5}$ — einum fimmta — af hreinum tekjum viðkomandi bónda, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að útgerðarmenn hafa nú um skeið fengið að leggja $\frac{1}{3}$ hluta af tekjum sínum skattfrjálsan í varasjóð til að tryggja rekstur útgerðarfélagsins. Á sama hátt hafa almenn hlutafélög fengið að láta $\frac{1}{5}$ af tekjum sínum í varasjóð, án þess að borga skatt af þeirri upphæð, og orkar þó tvímælis, svo að ekki sé sterkara kveðið að orði, hvort þess er þörf. Hér er lagt til, að bændum sé á sama hátt leyfilegt að verja $\frac{1}{5}$ af tekjum sínum til umbóta á ábúðarjörð sinni, og er ekki vafi á, að þeir eiga sama rétt á því og aðrir, sem þau réttindi hafa nú, að leggja nokkuð af fé sínu til hliðar án þess að greiða af því skatta.

Umbætur á jörðinni, svo að hún verði betri, er þeirra bezti tryggingarsjóður, og hann kemur ekki einungis þeim að notum, er á jörðinni búa, þegar umbótin er gerð, heldur öllum þeim, er síðar meir búa á henni og njóta umbótanna. Það er því fullkomlega réttmætt, miðað við aðra, að bændur fái þessi friðindi, enda er málið hér flutt eftir ósk frá þeim.